



## Úti er ævintýri - Haustdagskrá 2020

**Haustdagskrá – Úti er ævintýri** er hönnuð fyrir [miðstig grunnskóla](#) og er sniðin í kringum útistærðfræði; **almenn brot, tugabrot og mælingar**.



Miðstöð útivistar og útináms

### Lýsing dagskrár

Dagskráin er í formi 12 stöðva ratleiks. Ratleikurinn eru settur upp í smáforritinu [Actionbound](#) og er unninn út frá námsefni miðstigs í stærðfræði samkvæmt Aðalnámsskrá. Verkefnin eru hönnuð með samþættingu viðfangsefna og fjölþættrar færni að leiðarljósi. Leitast er eftir að hafa verkefnin fjölbreytt og til þess fallin að auka áhuga og skilning nemenda á viðfangsefninu og tilgangi þess.

### Haustdagskrá - 05. október-13.nóvember 2020

- Mánudag, miðvikudag og föstudag kl 10:00-12:00
- Miðstig grunnskóla, 5.-7. bekkur
- Stærðfræði; almenn brot, tugabrot og mælingar
- Hópastærð miðast við einn bekk (15-30 nemendur)

### Markmið

Markmið ratleiksins er að nemendur:

- ✓ Kynnist, vinni með og þjálfvi viðfangsefni stærðfræðinnar sem fjalla um almenn brot, tugabrot og mælingar á óhefðbundinn og skemmtilegan hátt.
- ✓ Kveikja áhuga nemenda á viðfangsefninu og fá þau til að sjá tilgang með því að læra það.
- ✓ Gera nemendum kleift að upplifa viðfangsefnið út frá ápreifanlegum og fjölbreyttum nálgunum.
- ✓ Stuðla að dýpri skilning nemenda á viðfangsefninu með samþættingu mismunandi námssviða, fjölþættrar færni og skynjunar.
- ✓ Koma til móts við mismunandi þarfir nemenda með fjölbreyttum kennsluáferðum og auka tengingu nemenda við náttúru og nærumhverfi.

### Tenging við námsefni

- ✓ Mælingar, Stærðfræði undir berum himni fyrir 5.-7. bekk
- ✓ Stika 1b



## Tenging við Aðalnámskrá

Markmið verkefnisins hafa fjölpætta tengingu í mismunandi námssviða Aðalnámskrár grunnskóla. Hér skal einungis bent á bein tengsl við almennt stærðfræðinám auk skírskotunar í einstaka hæfnisþætti sem eiga sérstaklega við viðfangsefni almennra brota, tugabrota og mælinga.

*„Hæfni í stærðfræði felst í að hafa ljósan skilning á stærðfræði, geta spurt og svarað með henni og notað tungumál og verkfæri hennar. Til þess að öðlast þessa hæfni þurfa nemendur að þróa með sér jákvætt viðhorf til stærðfræði, trú á eigin getu og rækta með sér það viðhorf að stærðfræði sé skynsamleg og nytsamleg. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að fá að nota fjölbreytt verkfæri sem hjálpa þeim til að öðlast skilning á vinnubrögðum, hugtökum og reglum stærðfræðinnar.“*

Unnið er með eftirfarandi þætti sem nemendur eiga að hafa tök á að námi miðstigs loknu. Við lok 7. bekkjar eiga nemendur að geta:

- ✓ sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.
- ✓ notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra.
- ✓ unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.
- ✓ skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- ✓ notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- ✓ tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.

Allar upplýsingar um dagskrá og bókanir er að finna á [heimasíðu okkar](#) Eins er hægt að hafa samband í síma 411-5600 eða með því að senda póst á [muu@reykjavik.is](mailto:muu@reykjavik.is)

Verið velkomin í Úti er ævintýri og munið að mæta vel klædd til útiveru!  
Bestu kveðjur frá miðstöð útivistar og útináms í Gufunesbæ